

A 1749/holdbart

Flytjandi	Norræn vinstri græn
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærninefndin

Þingmannatillaga um að draga úr losun í siglingum á Norðurlöndum**Tillaga**

Norræn vinstri græn leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að þær vinni saman að frekari aðgerðum til að draga úr losun í siglingum á Norðurlöndum og norðurskautssvæðinu;

að þær flytji sameiginlega tillögu þar að lútandi á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Evrópusambandsins (ESB) og annarra viðeigandi samstarfsstofnana.

Bakgrunnur

Siglingar hafa áhrif á umhverfi hafsins á Norðurlöndum og um allan heim. Aðgerða er þörf til að fá skýra mynd af vandanum, finna leiðir til samstarfs og semja reglur og lög um mun betri verndun vistkerfa sjávar.

Umhverfisáhrifa siglinga gætir bæði yfir og undir yfirborði sjávar. Áhrifin geta virst tímabundin þar sem skipin eru á hreyfingu, en þegar skipum fjölgar og siglingaleiðirnar verða æ fjölfarnari, fjölgar einnig þeim hafsvæðum sem verða meira eða minna fyrir stöðugum áhrifum.

Losun köfnunarefnisoxíða í siglingum hefur verið að aukast um langa hríð. Örmsáar agnir sem berast með útblæstri skipa eru skaðlegar heilsu manna. Losun brennisteins í andrúmsloftið verður að ofanfalli sem rignir í hafið og veldur súrnun sjávar. Þann 1. janúar 2016 gekk í gildi tilskipun Evrópusambandsins um takmörkun losunar brennisteins í siglingum og eru væntingar um að hún muni stuðla að bættu umhverfi.

Þekktustu orsakir vandans undir yfirborði sjávar eru olíuleki, olíulosun og skaðleg áhrif botnmálningar. Losun kjölfestuvatns skapar einnig hættu á að framandi tegundir berist í vistkerfin og valdi þar miklum skaða. Skólp úr ferjum og skemmtiferðaskipum hefur einnig áhrif á umhverfi hafsins.

Augljóst er að siglingar valda ýmsum umhverfisvanda, en það getur reynst flókið að varpa ljósi á og meta tengslin þegar þekkingu og greiningar skortir á ýmsum sviðum. Þörfin er óumdeilanleg á því að takmarka umhverfisálagið eins mikið og hægt er. Okkur vantar fleiri upplýsingar um áhrif skipaumferðar og hvernig samfélagið þarf að



bregðast við til að vernda vistkerfin.

Nú er mesta umferðin vegna erlendra skipa á alþjóðlegum hafsvæðum og því getur ekkert land eitt og sér brugðist við vandanum. Árangur á þessu sviði er undir því kominn að Norðurlöndin komi sér saman um aðgerðir til að draga úr mengun hafsins. Samræmdar reglur hvetja til breytinga á skipaútgerð og nýjar siglingareglur eru í umsjón Alþjóðasiglingamálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (IMO) en einnig Evrópusambandsins.

Til þess að loftslagsstefnan verði áhrifamikil og bæti umhverfi hafsins leggja Norræn vinstri græn til að norrænu ríkisstjórnirnar vinni saman að því að þróa frekari aðgerðir til að draga úr losun í siglingum og flytja sameiginlegar tillögur þar að lútandi á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO), Evrópusambandsins (ESB) og annarra viðkomandi stofnana.

Reykjavík, 19. september 2017

Christian Juhl (EL)
Christian Poll (ALT)
Håkan Svenneling (V)
Iddimangiiu Jensen Bianco (IA)

Paavo Arhinmäki (vänst)
Steingrímur J. Sigfússon (VG)
Torgeir Knag Fylkesnes (sv)